

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð nr. 214 20. júní 1973 um innheimtu og skil á meðlögum o.fl. á vegum Innheimtustofnunar sveitarfélaga.

#### 1. gr.

Aftan við 12. gr. komi ný grein svohljóðandi:

Innheimtustofnun sveitarfélaga getur, ef barnsfaðir vanrækir að einhverju eða öllu leyti að verða við innheimtukröfu, krafid kaupgreiðanda um að halda eftir hluta af kaupi eða aflahlut. Slíkar kröfur skulu ganga fyrir öðrum kröfum, þ.á m. kröfum sveitarsjóðs og innheimtumanna ríkissjóðs. Aldrei skulu launagreiðendur þó halda eftir meiru en nemur 75% af heildarlaunagreiðslu hverju sinni til greiðslu á meðlögum og þeim opinberum gjöldum sem kaupgreiðanda er skylt að halda eftir af launum viðkomandi.

#### 2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 7. gr. l. nr. 54/1971 um Innheimtustofnun sveitarfélaga og öðlast gildi 15. júní 1990.

*Félagsmálaráðuneytið, 23. maí 1990.*

**Jóhanna Sigurðardóttir.**

*Berglind Ásgeirsdóttir.*

Nr. 232

25. maí 1990

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð nr. 480/1983 um iðgjöld atvinnurekanda til að standa straum af kostnaði vegna framkvæmdar laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

#### 1. gr.

3. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Hundraðshluti iðgjalds á árinu 1990, vegna tekjuársins 1989, skal nema 0,1% af gjaldstofni samkvæmt 2. gr.

#### 2. gr.

Reglugerð þessi, sem er sett samkvæmt 77. gr. laga nr. 46/1980, öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 239 27. apríl 1989.

*Félagsmálaráðuneytið, 25. maí 1990.*

F. h. r.

**Berglind Ásgeirsdóttir.**

*Óskar Hallgrímsson.*